

**104. fundur  
fræðslunefndar  
haldinn í fundarsal á 3. hæð,  
Þriðjudaginn 9. febrúar 2010. og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Einar Gunnarsson fulltrúi kennara, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Gretar D. Pálsson og Edda Baldursdóttir, fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Edda Baldursdóttir.

**Dagskrá:**

Gretar fór yfir stækkun gunnskólans og tónlistarskólans, m.a. teikningar, útlit að utan, tengibygginguna, hugsanlegt útileiksvæði fyrir yngstu börnin, útgönguleiðir (flóttaleiðir),Hjólástólaaðgengi, útlit að innan: Samkomusalinn, fjölnotasalinn(mötuneyti) og kennslustofur, möguleikar voru sýndir á notkun salanna.

Viðbygging skólans verður byggð í áföngum, fyrsti áfanginn sem verður byggður er um 800 fermetrar, heildar fermetrar viðbyggingarinnar með tengibyggingunni eru 1500 fermetrar. Áætlað er að byrjað verði á fyrsta áfanga viðbyggingarinnar um leið og skóla líkur í vor og mun líklega verða í byggingu næstu tvö árin. Búið er að fjármagna framkvæmdirnar.

**1. - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (08.02.2010)**

1. **Starfsmannamál:** Jón Ólafur var ráðin í starf íþróttakennara í fjarveru Róberts Jørgensen á meðan hann er í feðraorlofi. Sigrún Elín Svavarsdóttir fyrrverandi kennari við grunnskólans mun koma og leysa Öldu Leyf af þar sem hún er að fara í barnsburðarleyfi.
2. **Febrúarpunktur:** Farið var yfir febrúarpunktana.

**2. - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (08.2.2010)**

1. Sumarlokun leikskólans
  - ✓ Tillaga lögð til samþykktar um að vera með lokað í fimm vikur (24 virkir dagar). Tillagan var samþykkt hjá nefndinni og verður lögð fyrir bæjarráð.
2. Barnafjöldi 1. febrúar 2010.
  - ✓ Nú eru 58 börn á skrá í 3 – 9 tíma vistun. Fjöldi barna í hverjum árgangi eru 13 fædd 2004, 10 fædd 2005, 8 fædd 2006, 11 fædd 2007 og 17 fædd 2008.
3. Sumardagurinn fyrsti, breytingar
  - ✓ Við verðum ekki með opið hús á sumardaginn fyrsta, heldur verður það á virkum degi að þessu sinni. Dagurinn sem við völdum var 7. maí frá kl 14:00 – 16:00. Þá komumst við hjá því að vinna aukavinnu og umtalsverður sparnaður ætti að vera á launakostnaði leikskólans.

4. Sérfræðingar, talmeinafræðingur og sálfræðingur.
  - ✓ Ásta Sigurbjörnsdóttir, talmeinafræðingur kom hér 22. janúar og gerði athuganir á nokkrum börnum. Ekki ákveðið hvenær hún kemur aftur.
  - ✓ Inga Stefánsdóttir, sálfræðingur kemur 17 febrúar og eru þegar skráð á hana nokkur viðtöl.
5. Dagur leikskólans var haldinn hátíðlegur 5 febrúar. (Er í rauninni 6 feb.)
  - ✓ Þá var einnig dagur stærðfræðinnar og því var lögð áhersla á stærðfræði tengd verkefni þann dag. 6. febrúar voru svo liðin 60 ár frá því að fyrstu hagsmunasamtök leikskólakennara voru stofnuð.
6. Hækkun var á fæðiskostnaði um 10% frá áramótum.

### **3. Önnur mál.**

Eineltismál voru rædd, bæði í leikskóla, skóla og á vinnustöðum.  
Gunnar Svanlaugsson skólastjóri kynnti eineltisáætlun.

**Fleira ekki gert.**

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19.30**